

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

Erum einnig á visir.is

JÚNÍ 2021



6. tbl. 24. árg.

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIÐISTORGI
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Nemendur Hagaskóla sýndi Litlu hryllingsbúðina á dögnum. Uppselt var á nokkrar sýningar sem þóttu takst ákaflega vel. Fleiri myndir og frétt á bls. 11.

- bls. 4-5
Menningarhús
opnað á
Laugavegi 18



Betri laun

VIRTUS

Bókhald | Laun | Ráðgjöf
virtus.is

Velkomin á Grandann
Nú sækjum við og skilum bílum

AFGREIÐSLUTIMI
mán. – fös. kl. 8–16:30

Frumherji

Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18
Laugardaga: kl. 10-17

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Melabúðin
VERSLUN SÆLKERANS



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

6. tbl. 24. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107, 102 og 101.

Notkun einkabílsins breytist

Bláöld hófst á Íslandi um 1960 eða fyrir um sex áratugum. Þá var innflutningur á bílum að mestu gefinn frjáls. Áður hafði gjaldeyrisskortur og ströng takmörk hamlað því að Íslendingar gæti tekið bílinn almennt í þjónustu sína.

Upphaf bílaaldar má sjá í skipulagstillögum þess tíma. Hugmyndir voru að leggja hraðbraut á milli austur- og vesturbæjarins um hafnarvæðið og yfir Grjótaþorpið. Þessar hugmyndir hluti misjafnar viðtökur og þær voru aldrei framkvæmdar.

Mikil umræða á sér nú stað um samgöngumál í Reykjavík. Rætt er um hvort treysta eigi á einkabílinn með sama hætti og áður eða hvort tími sé kominn til að leggja áherslu á fleiri og fjölbreyttari samgöngumáta.

Fólksfjölgun hefur kallað eftir þéttari byggð. Hún kallar eftir greiðum samgöngum þar sem minna rými er fyrir einkabílinn en áður.

Bent hefur verið á að veðurfar skapi meiri þörf fyrir einkabíla en í nágrennalöndunum. Að einhverju leyti kann svo að vera en veðurfar hefur einnig verið að breytast í Reykjavík á umliðnum árum. Veldur þar einkum aukin og þéttari byggð og gróður sem dregur úr vindum.

Markmið Reykjavíkurborgar fram til ársins 2025 í umferðarmálum eru að minnsta kosti 10% allra ferða í borginni verði farnar á hjóli. Ferðir farnar í vinnu á hjóli verði að minnsta kosti 10%. Að minnsta kosti 25% ferða grunnskólanema í skólann verði farnar á hjóli. Að minnsta kosti 10% ferða framhaldsskólanema í skólann verði farnar á hjóli.

Þarna eru skýr markmið. En varast ber að líta á þau sem aðför einkabílnum eins og stundum heyrir. Fólk mun áfram eiga bíla og nota sér til ánægju og gagns. Það er hin daglega notkun sem þarf að breytast. Einkum er snertir ferðir fólks til og frá vinnu.

 **HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

**Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**



 Finndu okkur á Facebook

Yfir 120 íbúðir byggðar í Vesturbugt



Hugmynd að nýju íbúðahverfi við Vesturbugt. Mynd. Landalag.

Fasteignapróunarfélagið Kaldalón hyggst hefja uppbyggingu í Vesturbugt í Reykjavík fljótlega eða um næstu áramót. Gert er ráð fyrir að byggja 192 íbúðir og atvinnuhúsnaði. Tillaga að breyttu deiliskipulagi svæðisins hefur verið samþykkt til auglýsingar en með því fjölga áformuðum íbúðum um 15 til 20.

Hönnun Vesturbugar mun verða lokið á næstunni. Hefjist framkvæmdir um áramótin sé raunhæft að fyrstu íbúðirnar komi á markað um mitt ár 2023. Samkvæmt því kunni verkefninu að ljúka

í árslok 2024. Í Vesturbugt verði aðallega tveggja, þriggja og fjögurra herbergja íbúðir. Jarðhæðir verði að mestu „lifandi“ með verslunarrýmum, en þó sé lítillega dregið úr því með nýju deiliskipulagstillögunni. Nokkurt oframboð var á íbúðum í þéttingareitum og við miðborgina um tíma. Þar kom kórónuveirufaraldurinn meðal annars við sögu. Eftir vaxtalækkun Seðlabanka Íslands tók sala við sér að nýju og nú munu flestar þeirra um 620 íbúða er voru til sölu seldar.

Nýtt skólahverfi í Skerjafirði



Þannig mun verða umhorfs í „nýja Skerjó“.

Nýtt skólahverfi verður sett upp í Skerjafirði fyrir nemendur í fyrsta til sjöunda bekk grunnskóla. Hverfið mun ná yfir stóra og litla Skerjafjörð suður og nýja íbúabyggð eða „nýja Skerjó“ í Skerjafirði.

Gert er ráð fyrir að nemendur sem búa í litla

Skerjafirði norður sæki Melaskóla, en eigi val um að fara í nýja skólann í Skerjafirði. Unglingar í nýju hverfi munu sækja Hagaskóla. Verið að vinna forsögn um byggingu nýs samþætts leik- og grunnskóla í Skerjafirði, skóla sem rúmi allt að 700 leikskóla- og grunnskólabörn.



Netverslun: systrasamlagid.is

MotorMax

Smurstöð

Opnunartímar

Virka daga 07:45 til 17:00

**ENGAR
TÍMAPANTANIR!**

Motormax er þjónustufyrirtæki í glæsilegu húsnæði að Vatnagörðum 12.

Við leggjum áherslu á smurþjónustu og bílaprif. Renndu við engar tímapantanir í smurþjónustu.

Tímabókanir fyrir bílaprif í síma 545 4040 og á: motormax@motormax.is



Motormax ehf.
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040

motormax@motormax.is

Menningarhús opnað á Laugavegi 18

- Miðborgin mun standa fyrir sínu segja þeir Garðar Kjartansson og Ari Gísli Bragason sem standa fyrir hinu nýja menningarhúsi

Garðar Kjartansson fasteignasali og veitingamaður og Ari Gísli Bragason bóksali í Bókinni hafa opnað menningarhús í húsnæði Máls og menningar við Laugaveg 18. Um er að ræða nýstárlega bókabúð ásamt veiting- og tónlistarstað. Þar eru bækur á flestum veggnum bæði á vegum Bókarinnar og einnig Garðars. Við innganginn á jarðhæðinni er bar og veitingasala. Þegar er komið er upp á miðhæðina hefur verið komið upp skemmtilegri setustofu og aðstöðu til tónleikahalds. Gamla kaffihúsið norðan megin á efri hæð þar sem menningarvitur og listamenn hafa setið í gegnum tíðina auk margra annarra kaffigesta hefur gengið í endurnýjum lífdaga. Margir eiga kaffisopa og minningar um samræður á kaffihúsinu í Mál og menningu sem nú er tilvalið að rifja upp og endurnýja. Á neðstu hæðinni er heimili Bókarinnar og tæpast verður komið tölu á þann fjölda titla sem þar er að finna. Arfur Braga Kristjánssonar bóksala sem Ari Gísli sonur hans varðveitir teygir sig þar um alla vegg. Vart verður annað sagt en að þessi gróni verslunar- og samkomustaður hafi vaknað til lífsins en versluninni hafði verið lokað á hápunkti kórónuveirufaraldursins.

Laugavegur 18 hefur lengi verið kennileiti í miðborg Reykjavíkur og áfangastaður og vinnustaður margra í gegnum tíðina. Húsið hefur löngum verið kennt við bókaforlagið Mál og menningu. Árið 1953 ákváðu forsvarsmenn félagsins að kaupa hús sem stóð á lóðinni við Laugaveg 18 og reisa þar stórhýsi fyrir skrifstofu sína og bókabúð. Erfiðlega gekk að alla fé til byggingarinnar og leituðu forsvarsmenn Máls og menningar og Sóljalistaflokksins til sendiherra Sovétríkjanna um stuðning við bygginguna og mun nokkur stuðningur hafa fengist. Af því festist nafnið Rúblan við húsið um tíma. Bygging Laugavegar 18 mun hafa kostað sjö til átta milljónir króna sem var umtalsvert fé á sjötta áratug liðinnar aldar þegar ströng gjaldeyrishöft voru í gildi og miklar takmarkanir á flestum framkvæmdum. Á byggingartíma hússins kom fram hugmynd um að Halldór Laxness hefði íbúð á efstu hæðinni. Til þess kom þó aldrei og Halldór eignaðist íbúð við Fálkagötu vestur í bæ sem hann notaði þegar hann dvaldi í borginni en ekki upp á Gljúfrasteini eða erlendis.

Bækur hafa alltaf verið á þessum stað

„Bækur eru hluti af þessum stað og hafa alltaf verið,“ segir Garðar. Að mínum dómi væri útilokað að loka á þessa fortíð og minningu. Hér væri ekki hægt að opna að nýju án þess að bækur væru hluti af staðnum eins og alltaf hefur verið. Þess vegna sló ég í félagsskap við Ara Gísla. Hann er lykillinn að því að ég fór út í þetta.“ Garðar segist þó gera sér grein fyrir því að að bækur og bóksala ein og sér standi ekki undir rekstri svona húsrýmis. „Ég rak skemmtistaðinn Nasa í áratug og ákvað að taka upp þann þráð að nýju. Að hluti af þessu yrði veitingasala og tónlistarhald. Ég sá strax að það yrði að hafa ákveðna breidd í því. Þetta yrði ekki dansstaður eins og Nasa var fremur tónleikastaður. Hér yrði fjölbreytnin að ráða ríkjum. Ég

stefni á að hér verði flutt lifandi tónlist á hverjum degi og það verði ólíkir aðilar með allskonar tónlist að koma fram. Ég tel að ákveðinn markaður hafi opnað hér þegar Kaffi Rósenberg flutti af Klapparstígnum og vestur í bæ. Ég er með kammersveit sem mun spila hér og síðan allt yfir í dægur- og rokktónlist. Fyrst að Græni hatturinn hjá Hauki Tryggva gengur í Hafnarstrætinu á Akureyri þá ætti þetta að ganga á Laugaveginum í Reykjavík.“ Þegar hér er komið sögu í spjalli við þá félagar Garðar og Ara Gísla stíga þrjár ungar stúlkur upp á tónlistarsviðið. Ein sest við flygillinn sem er gamli flygillinn úr Fríkirkjunni. Önnur tekur upp fiðlu og sú þriðja kontrabassa. Þær eru á vegum Hins hússins sem er ungmennastarf á vegum Reykjavíkurborgar. Þær fara að spila. Þrátt fyrir ungan aldur er ljóst að hjá þeim ræður fagmennska för. Greinilega búnar að stunda tónlistarnám frá bernsku. Þær fara að spila klassísk íslensks lög. Stúlkun með kontrabassann fer að syngja. Hefur góða söngrodd og gömlu lögin hans Fúsa Halldórs tóku að hjóma. Og þetta er bara byrjunin. Hádegistónleikar. Síðar á deginum er meiri tónlist



Gamla kaffihúsið á efri hæð í norður hluta hússins hefur gengið í endurnýjum lífdaga. Þar hafa margir drukkið kaffisopann sinn og átt samræður af ýmsu tagi.



Ari Gísli Bragason og Garðar Kjartansson standa að baki menningarhúsi við Laugaveg 18. Þarna eru þeir fyrir fram bókahillur þar sem góðbókmenntir og meistaraverk er að finna.

á dagskránni. Þannig er þetta hugsað frá einum degi til annars. Garðar segir stærð húsnæðisins og hvernig það er innréttað bjóði upp á þessa nauðsynlegu fjölbreytni „Ég ætla að vera með lifandi tónlist á hverju kvöldi. Er búinn að fullbóka næstu vikur og einnig marga viðburði alveg út árið.“

Veitingar og lifandi tónlist

Ari Gísli segir allt orðið fullt af bókum í gömlu hillunum. „Þetta er eins og verið hefur allt frá

upphafi. Bókabúð hefur verið á Laugavegi í áratugi. Þetta er orðin löng saga. Bókabúð Máls og menningar við Laugaveg 18 var einn af hornsteinum íslenskra bókmennta og íslenskrar menningar í riflega hálföld og einn af mikilvægum miðpunktum miðborgarinnar. Á efri pallinum í kjallaranum er gjafavara og gjafabækur í boði. Hentugar þegar halda þarf í afmæli eða þess háttar og í kjallaranum sjálfum verða á boðstólum fræðibækur, skáldsögur, þýddar og íslenskar. Ég búinn að vera að raða upp fornritasettum.

Ég er með tvö til þrjú hundruð Laxnessbækur og svo verður hér gott úrval af barnabókum. Hugmyndin er að vera einnig með tvö eða þrjú skákbörð og sófa. Fölk á að geta tyllt sér hér niðri rétt eins og annars staðar í húsinu. Hér er gott karma. Góður andi,“ segir Ari Gísli og bætir við að vissulega sé þetta ekki eingöngu bókabúð. Heldur fjölbreytt menningarhús þar sem gestir geti komið, sest niður, fengið sér kaffi og vöflur, eða aðra drykki, gluggað í bók, og notið lifandi tónlistar. Alls þess sem húsið kemur til með að hafa



Séð af efri hæðinni yfir tónlistapallinn og veitingabær sem er í anddyri hússins.



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.



Bækur og listaverk prýða bekkni menningarhússins.

upp á að bjóða. Ari Gísli er þó ekki að flytja Bókina af horninu á Hverfisgötu og Klapparstíg þar sem hún hefur verið um árabíl og Bragi faðir hans sagði skemmtisögur af mönnum og málefnum enda margfróður. „Klapparstígurinn og miðbærinn er svo skemmtilegt svæði. Mér finnst ekki hægt að fara þaðan nema bara í allra brýnustu neyð. Ég hef heldur ekki þurft að taka eina einustu bók úr Bókinni á Klapparstíg til þess að fylla upp

hér á Laugaveginum. Eitthvað hefur þó minnkað í geymslunum,“ segir Ari Gísli. Laugavegur 18 hefur vaknað til lífsins á ný og nú í breyttri mynd og lifandi. Þar er að finna samjöfnuð við eitt og annað sem upplifa má víða erlendis. Tíðindamanni fannst eins og hann væri komin til Kaupmannahafnar. Í hina gömlu höfuðborg Íslands þegar hann gekk inn í „hina nýju“ Mál og menningu. Þá rifjuðust einnig upp ýmsar stundir í þessu húsi.

Í bókabúðinni og á kaffihúsinu þar sem oft mátti kenna margra kvista en einnig að njóta næðis ef svo gaf.

Miðborgin mun standa fyrir sínu

Talið berst að Laugaveginum og Miðborginni sem margir hafa verið að tala niður að undanfögnu. Kóvid tímabilið hefur vissulega dregið úr ferðum fólks og sú staðreynd

á Laugavegurinn var orðin um margt ferðamannagata hefur fækkað ferðum innfæddra þar um sinn. Þeir Garðar og Ari Gísli segjast þó í engu kvíðnir. „Sagan er hér og af þessu horni eiga margir góðar minningar. Yngri fólk er aftur farið að sækja í miðbæinn,“ segir Garðar og Ari Gísli tekur undir. „Fólkið er farið að koma til baka. Margir höfðu þann sið að aka niður Laugavegin á sunnudögum. Oft án þess að stöðva eða fara út úr bílnum. Þetta var svona

ákveðinn rúntur sem margir höfðu tileinkað sér. Held að þetta hafi meira verið eldra fólk sem ók þessa leið. Oft fólk sem hafði aldrei vanist að fara inn á kaffihús. Horfði í búðarglugga í gegnum bílrúður. „Hlutir og venjur breytast og rúnturinn með. Fer í aðrar áttir. Við höfum báðir trú á miðborginni,“ segja þeir Garðar og Ari Gísli. „Það verða alltaf einhverjar breytingar en miðborgin mun koma til með að standa fyrir sínu.“



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

Þú sparar tíma með appinu

Einfaldari fjármál og betri yfirsýn, hvar og hvenær sem er.

ÞAÐ ER LANDSBANKI NÝRRA TÍMA.

Sólpallur við Pétursbúð



Verið var að leggja síðustu hönd á frágang sólpallarins við Pétursbúð á dögnum.

Ákveðið hefur verið að koma upp sólpalli fyrir framan Pétursbúð á horni Ránargötu og Ægisgötu. Axel Sigurðsson sem festi kaup á Pétursbúð ásamt foreldrum sínum fyrr á árunu segir borgina standa að þessu. Vilji sé til að skapa einhverja stemmingu í hverfinu.

Axel kveðst ætla að setja upp borð og stóla á pallinum og hella upp á könnuna. Nóg sé til af bakkelsi og meðlæti í búðinni. Axel kveðst ánægður með sólpallinn sem hann fékk óvænt og ókeypis í fangið frá hinu opinbera.

Nýtt byggingarleyfi fyrir Dunhaga 18 til 20

- húsið verið í niðurníðslu um árabíl

Félagið D18 ehf hefur fengið leyfi til að byggja inndregna 4. hæð auk viðbyggingar við 1. hæð og kjallara, minnka og fjölga íbúðum úr 8 í 21 við Dunhaga 18 til 20. Ýmsar breytingar verða einnig gerðar innan- og utanhúss, sorp verslunar fært á norðvestur hlið hússins og komið fyrir þremur bílastæðum fyrir fatlaða á lóð og skipulagi lóðar breytt.

Stórhúsið við Dunhaga 18 til 20 var reist 1959 en hefur staðið nánast ónotað um árabíl. Sumarið 2009 urði eigendaskipti á húsinu. Eftir það var lítið sem ekkert viðhald á því. Ástand þess hefur stöðugt versnað og mest á nýliðnum árum. Ástæður þess að ekkert hefur gerst má rekja til skipulagsferlis sem staðið hefur frá 2017. Þá var sótt um heimild til að byggja hæð ofan á núverandi fjölbýlishús, nýtt lyftuhús og viðbyggingu á einni hæð auk kjallara. Byggingarleyfi var veitt fyrir þeirri framkvæmd en var síðan kært til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem felldi það úr gildi vegna þess að framkvæmdin átti sér ekki stoð í deiliskipulagi og grenndarkynning var ekki fullnægjandi. Á vegum Reykjavíkurborgar fór þá af stað vinna við deiliskipulag og lauk henni með auglýsingu í Stjórnartíðindum. Það skipulag var einnig kært og felldi nefndin það úr gildi í mars 2020. Kærendur fundu breytingum á húsinu margt til foráttu.

Kærendur töldu hið kærða byggingarleyfi ekki vera í samræmi



Byggingartæki og vinnupallar komnir að húsinu við Dunhaga 18 til 20 og endurbýggingin komin á fulla ferð.

við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010 til 2030. Aðalskipulagið geri ekki ráð fyrir þéttingu byggðar á þéttbyggðum og gamalgrónum svæðum. Engin þörf sé að þetta byggð á svæðinu frekar, þar sem þéttleiki byggðar á höfuðborgarsvæðinu sé hvað mestur í vesturbæ Reykjavíkur. Byggingarfulltrúi geri ekki greinarmun á æskilegri þéttingu byggðar á viðeigandi svæðum og óeðlilegri röskun á gamalgrónum svæðum með breytingum á byggingum sem eigi sér enga samsvörun í næsta

nágrenni. Í kærnum kom fram að byggingarfulltrúa hafi borið að taka tillit til þessa sjónarmiðs við veitingu byggingarleyfisins. Ákvörðunin sé því bæði ólögæt vegna ósamræmis við aðalskipulag og þar sem ekki hafi verið tekið tillit til lögmætra og málefnaþgra sjónarmiða um þéttleika byggðar. Á þessum tímamarki voru því nærri þrjú ár liðin frá upphaflegri umsókn um byggingarleyfi og málið komið á byrjunarreit. Eldra byggingarleyfi hefur verið dregið til baka og nýtt leyfi verið veitt.

Loks búið að rífa Bræðraborgarstíg 1



Brunarústirnar af Bræðraborgarstíg 1 eru horfnar.

Búið er að rífa Bræðraborgarstíg 1, húsið sem brann þann 25. júní á síðasta ári. Þorpið-vistfélag keypti Bræðraborgarstíg 1 og 3 í janúar á þessu ári og hyggst reisa íbúðir fyrir eldri konur á reitnum þar sem húsið stóð áður.

Brunarústirnar voru mörgum þyrnir í augum og

döpur minning um óhugnanlegan atburð þar sem fólk var eldi að bráð. Talsverða tíma hefur tekið að greiða úr ýmsum málum er urðu til við brunann og marga koma að málinu og leyfisveitingum í tengslum við það. Má þar nefna byggingafulltrúa, heilbrigðiseftirlitið, umhverfisráðuneytið, tryggingafélag og fleiri aðila.

Símahulstur og veski fyrir flestar gerðir farsíma



AUKAHLUTIR
netverslun

aukahlutir.is

við eigum skjávarnir fyrir flestar gerðir farsíma

Eignaumsjón 20 ára þekking og reynsla!

- » Gott viðmót
- » Fagleg þekking
- » Skilvirkar lausnir
- » Gagnsæjar upplýsingar
- » Hlutlaus og fagleg nálgun

Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík
Sími 585 4800
thjonusta@eignaumsjon.is
eignaumsjon.is

EIGNAumsjón

20 ára

MUNA

HIMNESK HOLLUSTA



Muna eftir millimálinu

Grjótaþorpið

Fyrsta heildstæða borgarhverfið

Grjótaþorp er á mörkum gamla Vesturbæjarins og Miðborgarinnar í Reykjavík. Upphaf þess má rekja til síðari hluti 18. aldar. Þá tók að myndast hverfing torfbæja í landi býlisins Grjóta sem stóð í Grjótabrekkunni efst við Grjótagötu. Grjóti var ein af átta hjáleigum í Reykjavík á 18. öld. Byggðin í Grjótabrekkunni varð til samhliða byggingu timburhúsanna við Aðalstræti sem reka má til stofnunar og starfsemi Innréttunganna sem var fyrsta tilraun til iðnvæðingar á Íslandi. Í torfbæjunum bjuggu bæði tómthúsbændur og starfsmenn Innréttunganna. Árið 1802 voru 141 íbúi í 19 húsum í Grjótaþorpi. Þá voru um 20 torfbær þar en eftir 1836 fór þeim fækkandi. Um aldamótin 1900 var búið að rífa alla torfbæina og byggja ný húsnæði úr timbri í stað þeirra.

Grjótaþorpið afmarkast af Aðalstræti, Vesturgötu, Túngötu og Garðastræti. Aðalstræti er elsta gata borgarinnar og var í upphafi nefnd Hovedgaden og um tíma Klubgaden. Hún lá frá Reykjavíkurbænum við suðurenda götunnar að uppsátri í Grófinni. Við suðurhluta Aðalstrætis voru klæða- og tauverksmiðjur Innréttunganna en verslunarhúsin nyrst. Eftir að landsverslunin var flutt úr Örfirisey til Reykjavíkur um 1780 reisti fyrsti kaupmaðurinn í Reykjavík, Johan Chr. Sünckenberg, verslunarhús sín á konungslóðinni við Aðalstræti en pakkhúsin voru við Vesturgötu. Meðal sögufrægra húsa í Grjótaþorpi má nefna Hlaðvarpan, Unuhús og hús Sögufélagsins. Í austurjaðri Grjótaþorpsins, við Aðalstræti stóð kvikmynda- og samkomuhúsið Fjalakötturinn. Grjótaþorpið er sögulega séð fyrsta heildstæða hverfi Reykjavíkur fyrir utan byggðina sem myndaðist í kringum Aðalstrætið.

Bárujárnsstíllinn var einkennandi

Á fyrri hluta liðinnar aldar var Grjótaþorpið orðið albyggð. Flest voru húsin klædd með bárujárni og byggð í þeim sérstaka stíl, sem einkennir ákveðið skeið í byggingarsögu landsins. Sum bárujárnsstíllinn entust illa og urðu ónýt fyrir tímans tönn. Eldur var öðrum að tjóni og voru ekki byggð að nýju. Meðal annars af þessum sökum varð heildarsvipur Grjótaþorpsins margbreytilegur. Segja verður eins og er að best byggðu húsin frá tíma bárujárnsstíls voru ekki í Grjótaþorpinu. Um miðbik liðinnar aldar hafði hverfið á sér nokkra ímynd um illa byggða kofa og fannst mörgum lítið til þess koma. Skipulagið þótti handahófskennt að mestu handan við lögmál reglustríkkunnar.

Hraðbrautin sem aldrei var byggð

Árið 1962 var samþykkt í borgarráði nýtt aðalskipulag, danska skipulagið svokallaða sem var unnið af dönskum aðila. Þar var gert ráð fyrir að hraðbraut yrði lögð í gegnum Grjótaþorpið til að greiða fyrir umferð bíla á milli Austur- og Vesturbæjar. Þessi hraðbraut var aldrei byggð. Byggðin í Grjótaþorpinu þótti úrelt. Ástand flestra húsa var slæmt og leituðu útígangsmenn sér athvarfs í þeim. Björn Th. Björnsson listfræðingur og rithöfundur sagði um Grjótaþorpið í bók sinni um Reykjavík frá 1969 að þorpið væri í undarlegri kyrrstöðu. Eins og nýja tímanum hafi stirðnað höndin við að sópa því burt, en óvissan lagt á það sjálft sína dauðu hönd. Með hverju ári væru fleiri hlerar neildir þar fyrir glugga. Þetta viðhorf breyttist upp úr 1970. Tilkoma Torfusamtakanna árið 1973 átti þar verulegan hlut að máli. Borgaryfirvöld áttu erfitt með að komast að niðurstöðu um framtíð hverfisins. Reynt var að taka tillit til tveggja ólíkra sjónarmiða, annars vegar fasteignaeigenda sem vildu fá að reisa nýrri og stærri hús á lóðum sínum og hins vegar húsverndunarsinna og ungs fólks í íbúasamtökum Grjótaþorps sem vildu varðveita götumyndina og lagfæra þau hús sem höfðu drabbast niður vegna aðgerðarleysis borgaryfirvalda

Íbúasamtök haustið 1975

Íbúasamtök Grjótaþorps voru stofnum haustið 1975. Markmið þeirra var að vinna að viðhaldi og endurbótum á húsum í Grjótaþorpinu. Önnur markmið þeirra voru að standa vörð um gróður og umhverfi, og stuðla að manneskjulegri og lífvænlegri byggð fyrir fólk á öllum aldri. Einnig



Norska bakarið er eitt myndarlegasta húsið í Grjótaþorpinu. Það hefur þó ekki alltaf lítið svona myndarlega út.

að nýbyggingar henti þorpinu og bæti umhverfið.

Tillaga Guðmundar og Ólafs

Í september 1975 lögðu Arkitektarnir Guðmundar Kr. Guðmundssonar og Ólafur Sigurðsson fram tillögu um nýtt útlit Grjótaþorps. Markmið hennar var að skapa hlýlegt hverfi með blandaðri byggð íbúða, verslana, skrifstofa, þjónustufyrirtækja og iðnaðar. Þeir vildu hafa mannlegan mælikvarða og reisa nútímaleg hús, tvær til fjórar hæðir. Ætlunin var að varðveita skemmtilegar og óvenjulegar götur og skapa breytilegar götumyndir og húsalínur. Þeir töldu listgildi gömlu húsa mjög lítið og varðveislugildi ekki fyrir hendi. Þeir vildu rífa hluta Grjótaþorpsins og byggja steinhús með hallandi þökum.

Tillaga Hjörleifs og Peters

Hjörleifur Stefánsson arkitekt og Peter Ottosson unnu skipulagstillögu um Grjótaþorpið á árinu 1980. Tillaga þeirra hafði verndunarsjónarmið að leiðarljósi og gerði ráð fyrir byggingu nýrra húsa í gömlum stíl á milli og meðal þeirra gömlu. Í tillögunni kvað við

nýjan tón í skipulagsmálum. Þótt tillaga þeirra næði ekki fram að ganga er víst að hún stuðlaði að viðhaldi og vexti Grjótaþorpsins eins og það er í dag.

Framtíðin tryggð með Borgarvernd

Þegar komið var fram á áttunda áratuginn komu fram hugmyndir innan borgarstjórnar að reisa ný og hærra hús við Aðalstræti. Var það hugsað til að draga úr því ójafnvægi sem varð með tilkomu húss Morgunblaðsins. Tækifæri gafst til þess eftir að Fjalakötturinn var rifin haustið 1985. Framtíð Grjótaþorps virðist hafi verið tryggð með tilkomu Borgarverndar en slík hugsun var víðs fjarri um og eftir miðbik aldarinnar.

Vinaminni stórhýsi á lóð Brekkubæjar

Nokkur reisuleg hús voru byggð í Grjótaþorpinu. Við Mjóstræti 3 stendur stórt timburhús sem Sigríður Einarsdóttir kona Eiríks Magnússonar bókarvarðar í Cambridge lét reisa 1885 og nefndi Vinaminni. Sigríður lét safna fyrir byggingu hússins erlendis og síðan reisa þá á lóð þar sem bær foreldra hennar Einaris Sæmundssonar og Guðrúnar Ólafsdóttur stóð og

nefndist Brekka eða Brekkubær. Benedikt Gröndal minnst Brekkubæjar í endurminningum sínum Dægradvöl þar sem hann skrifaði að Brekkubær hafi verið lítið kot og dálítið hús eða stofa niðri þar sem unga fólkíð hafi oft komið saman og verið glatt á hjalla. Sigríður féll vel í þann hóp því samferðamenn hennar lýsa henni sem fjörmikilli konu og líka greindri. Veturinn 1891 til 1892 rak Sigríður skóla fyrir alþýðustúlkur en sú starfsemi lagðist af eftir aðeins einn vetur.

Einar Ben og Jón Vídalín

Iðnskólinn og Verslunarskólinn hófu starfsemi í Vinaminni við Mjóstræti 3 1904 og 1905. Ýmis fyrirtæki, einstaklingar og félagasamtök hafa einnig haft aðstöðu í húsinu og má þar t.d. nefna Einar Benediktsson athafnamann og skáld, sem hafði bæði lögmanns- og ritstjórnarskrifstofu þar um tíma. Annar foringi hafði aðsetur í Vinaminni á sama tíma og Einar. Var það Jón Vídalín, umboðsmaður kaupfélags í Newcastle. Hann fór fyrir kaupmönnum sem börðust gegn tillögum Valtýs Guðmundssonar á þinginu sumarið 1897. Jón er sagður hafa efnt til mikilla kampavinsveislna í Vinaminni og boðið öllum þingmönnum, sem gengu eftir rauðum dregli inn í



Vinaminni er reisulegt hús og þótti tilvalið til að hýsa starfsemi stórmenna og einnig skemmtanalíf.



Gröndalshús nýuppgergt og komið á góðan stað í Grjótaþorpi.

húsið undir blæstri lúðrasveita. Fleiri komu við sögu Vinaminnis. Þar á meðal Ásgrímur Jónsson, listmálari sem hafði þar aðgang bæði að vinnustofu og sýningarsal um tíma. Þar málaði hann hina þekktu mynd Esjan og talið er að hin víðfræga Heklumynd Ásgríms hafi fyrst verið sýnd í Vinaminni. Jóhannes Kjarval mun einnig hafa haldið sýningar í húsinu. Þegar Sigríður Einarsdóttir lést 84 ára á heilsuhæli í Danmörku fékk séra Haraldur Níelsson húsið en hann var kvæntur systurdóttur hennar.

Aðalsamkvæmis- og drykkjustaður

Á stríðsárunum um 1940 festu kaupmennirnir Silli og Valdi kaup á Vinaminni. Þeir létu þilja salina og leigðu út í einstökum herbergjum. Ekki var mikið viðhald á húsinu á þessum tíma og talið að oft hafi ríkt þar mikil gleði. Á tímabilinu 1968 til 1975 var húsið enn leigt út í herbergjum. Samkvæmt íbúaskrá virðast útlendingar hafa sóst eftir að búa þar, sérstaklega Frakkar og Bretar. Vinaminni mun hafi verið einn aðalsamkvæmis- og drykkjustaður í Reykjavík á þessum árum og af sumum talin heppni eða blessun að húsið skyldi ekki brenna því algengt var að kerti loguðu um allt húsið í partium upp hverja tröppu stigans. Eftir að Reykjavíkurborg eignaðist húsið stóð það autt og utangarðsfólk hreiðraði þar um sig. Húsið var orðið hrörlegt þegar borgin seldi það árið 1992. Kolbeinn Arnason jarðeðlisfræðingur, Kristinn E. Hrafnsson myndhöggvari auk þriðja aðila festu kaup á því og hófust handa við að gera það upp. Hrefna Ósk Benediksdóttir og Ýmir Björgvin Arthúrssón búa nú í Mjóstræti 3.



Sé inn í Grjótáporpið á sjöunda áratugnum.

Norska bakaríið og Þráinn

Annað merkt húsið í Grjótáporpi er Norska bakaríið við Fishersund. Timburhúsið sem byggt var árið 1878. Fyrsti hluti þess var fluttur í einingum frá Noregi. Danskur bakari Frederiksen að nafni bætti við húsið 1894. Hann var með starfsemi þar og er bakaríisnafnið frá honum komið. Kaupmennirnir Silli og Valdi eignuðust húsið 1942. Átján árum síðar kom upp eldur í húsinu og nýttu þeir það sem geymslu eftir að. Húsið komst síðar í hendur Sögufélagsins sem lagfærði það eftir langvarandi viðhaldsleysi. Húsið öðlaðist enn nýtt líf þegar hjónin Sólveig Eggertsdóttir myndlistarmaður frá Möðruvöllum í Hörgárdal og Þráinn Bertelsson kvikmyndagerðarmaður og rithöfundur festu kaup á því. Þau fengu Magnús Skúlason arkitekt til þess að vera sér innan handar og saman lögðu þau áherslu á að endurbyggja húsið í upprunalegri mynd. Er kom að því að þau vildu selja húsið kom

Sigríður Þorsteinsdóttir fyrrum bæjarfulltrúi á Akureyri og sveitarstjóri í Breiðdalshreppi og Grímsnes- og Grafningshreppi til sögunnar. Hún var þá flutt til Reykjavíkur og rak meðal annars gistiheimili við Lokastíg. Sigríður hafði hug á að festa kaup á húsinu til þess að nýta fyrir gistiheimili. Hún leitaði til Reykjavíkurborgar um hvort slíkt leyfi myndi fást. Vegna aldurs er Fischersund 3 háð þjóðminjalögum um allar breytingar og við þær þurfi að sýna sérstaka aðgát. Byggingafulltrúi heimilaði að notkun íbúðarhússins í Fischersundi 3 yrði breytt þannig að þar verði gistihús. För Þráins var ekki fyrsta för hans í Grjótáporpið. Hann er fæddur í Mjóstræti 6 en ólst ekki upp í Grjótáporpinu.

Gröndalshúsið flutt af Vesturgötu

Af fleiri húsum í Grjótáporpi er að taka sem eiga sér sögu en að þessu sinni verður látið nægja að nefna Gröndalshúsið. Sigurður



Yfir 100 ára gamalt og endurbyggt húsið í Grjótáporpinu.

Jónsson járnsmiður lét byggja húsið 1882 við Vesturgötu 16 b og hafði járnsmiðju sína í austurhluta neðri hæðar þess. Húsið var að stórum hluta gert úr timbri úr strandi skipsins Jamestown, sem strandaði við Garðskaga fulllestað timbri. Húsið þótti sérstakt í formi og var í upphafi nefnt Skrínan en stundum Skattholið eða Púltið. Bygging hússins og rekstur járnsmiðjunnar urðu Sigurði ofviða. Hann missti húsið og verkfæri járnsmiðjunnar urðu síðar ein fyrstu verkfæri Vélsmiðjunnar Héðins. Benedikt Gröndal keypti húsið 1888 og bjó í því þar til hann lést 1907. Húsið var nefnt eftir Benedikt og kallað Gröndalshúsið. Gröndalshúsið er merkilegt bæði fyrir byggingarsögu og form, en ekki síður fyrir þátt sinn í menningarsögu landsins. Þar ritaði Benedikt mörg verka sinna og teiknaði þær stórfenglegu myndir og skjöl sem eftir hann liggja. Fjölskylda Benedikts átti húsið til 1927. Þá keyptu Ámundi Hjörleifsson og Eugenia I. Nilsen

það. Eugenia bjó í húsinu þar til hún lést 2004. Húsið var komið í mikla niðurníðslu og stóð í vegi fyrir framkvæmdaaðilum sem farnir voru að huga framkvæmdum á stæði þess. Eftir nokkurt þref náðust samningar á milli Reykjavíkurborgar og Minjaverndar um endurgerð þess og flutning á nýjan stað við Vesturgötu 5b. Arkitekt að endurgerð hússins var Hjörleifur Stefánsson. Reykjavíkurborg er eigandi þess og nýtir fyrir menningarstarfsemi tengdri Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO.

Ég er kominn heim

Í lokin má geta þess til gamans að Tómas Andrés Tómasson, betur þekktur sem Tommi í Tommaborgurum býr í Mjóstræti. Tommi fæddist við Garðastræti og hefur látið að því liggja að vera kominn á heimaslóðir. Hann keypti íbúð við Mjóstræti í byrjun þessarar aldar en þar var áður prentsmiðja til húsa.

Kjötkompaní

GRILLUM OG NITÓTUM

www.kjotkompani.is ☎ 578 9700 ✉ kjotkompani@kjotkompani.is 📱 kjotkompani Hafnarfjörði & Grandá

Landakotsskóli

Nýstárleg kennsla í mannkynssögu



Fjóru bekkjar í Landakotsskóla.

Nemendur í 4. bekk í Landakotsskóla notuðu STEAM (vísindi, tækni, verkfræði, list og stærðfræði) við að læra mannkynssögu og að tengja sögu við byggingarlist og verkfræði undir leiðsögn Sinead.

Sérstaklega skoðuðu þau uppgötvanir frá Egyptalandi, Kína og Róm, til dæmis rúmfræði boga (Arch), hvernig einfaldar vélar voru gerðar og fjöldaframleiðsla á efni og verkfærum. Í síðustu viku enduðu nemendur rannsóknvinnu sína á því að búa til eigin vatnsrásir (Aqueducts) eins og Rómverjar gerðu. Þau voru mjög ánægð með að búa til svona stóra hluti saman. Umræðan á eftir var mjög líflæg. Nemendur ræddu uppfinningar og hverju væri hægt að breyta nú til dags, teymisvinnu og hvernig henni var háttað til forna miðað við í dag. Loks spjölluðu þau um mistök og að við verðum að læra af þeim.

Tíundi bekkur Tjarnarskóla

Styrkti Rauða krossinn af verðlaunafé



Tíundi bekkur Tjarnarskóla á tjarnarbakkanum þar sem afhendingin fór fram.

Tíundi bekkur Tjarnarskóla varð í þriðja sæti í Fjármálaleikunum á liðnum vetri. Krakkarnir unnu 100.000 krónur og ákváðu að styrkja Rauða Kross Íslands um 75.000 krónur til starfs með flóttafólki, sem Rauði krossinn á höfuðborgarsvæðinu stendur fyrir.

Marín Þórsdóttir, forstöðumaður Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu veitti styrknum viðtöku og fór hún fram á tjarnarbakkanum. Í tilefni þess sagði hún nokkur orð til krakkanna. „Um leið og við óskum 10. bekkjum í Tjarnarskóla til hamingju

með góðan árangur í Fjármálaleikunum þökkum við þeim kærlega fyrir þann hlýhug og stuðning sem þau sína Rauða krossinum og okkar mikilvægu verkefnum. Stuðningur sem þessi er ómetanlegur fyrir starfið okkar enda eru það stórar jafnt sem smáar upphæðir sem gera okkur kleift að halda úti verkefnum fyrir hópa sem ekki hafa greiðan aðgang að íslensku samfélagi. Þannig byggjum við mikilvægar brýr á milli menningarheima og gerum heiminn betri fyrir okkur öll.“



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI: 511 1188

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 11-16
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Alls 206 nemendur útskrifuðust úr Hagaskóla

Útskrift 10. bekkinga Hagaskóla fór fram í Háskólabíói miðvikudaginn 9. júní. Alls útskrifuðust 206 nemendur við hátíðlega athöfn. Sérlega ánægjulegt var að geta boðið aðstandendum uppá að vera viðstaddir athöfnina. Auk eiginlegrar útskriftar var athöfnin borin uppi af tónlistaratriðum nemenda og ræðuhöldum nemenda og starfandi skólastjóra, Hildar Einarsdóttur. Útskriftarræður nemenda fluttu Svava Ljósbrá Sigurðardóttir og Ólafur Björgúlfsson en þau rifjuðu upp árin í Hagaskóla og þökkðu skólanum á fallegan hátt fyrir samveruna. Nemendur í 8. og 9. bekk kvöddu kennara sína og fengu vitnisburð afhentan daginn eftir 10. júní.

Í tónlistaratriðum nemenda komu fram Margrét Lára Jónsdóttir, Þorri Þrastarson, Jana Gajic, Sunna Benjamínsdóttir Bohn, Sigrún Klausen, Syd West Arný og Þórdís Árnadóttir. Fjölmargir nemendur fengu viðurkenningu fyrir góðan námsárangur en Ragna María Sverrisdóttir hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi námsárangur í öllum námsgreinum. Við athöfnina var Inga Mjöll Harðardóttir kennari



Nemendur flytja tónlist við skólaslit Hagaskóla.

kvödd og henni þakkað fyrir fagmennsku og góð störf í áratugi.

Hvatti nemendur til að halda áfram

Útskriftarnemum er óskað innilega til hamingju og þeim fylgja góðar framtíðaróskir og þakkir fyrir ánægjulega samveru og samstarf. Í kveðjuræðu sinni sagði Hildur Einarsdóttir starfandi skólastjóri að hópurinn sem nú væri að kveðja skólann hafi sýnt að hann sé vel samstilltur og hefur úthald og aðlögunarhæfni þegar á móti blæs. Hildur hvatti nemendur til

að halda áfram að byggja ofan á þann grunn sem þau hafi byggt upp í Hagaskóla og benti þeim á að það snúist ekki eingöngu um formlegt nám heldur enn frekar um það hvers konar manneskjur nemendur vildu vera, hvaða lífsgildi þeir vildu hafa í heiðri og hvaða virðingu þeir vilji sýna sjálfum sér og náunganum.

Starfsfólk Hagaskóla sendir öllum nemendum og fjölskyldum þeirra bestu kveðjur með von um að þið hafið það sem allra best í sumar. Skólasetning fyrir skólaárið 2021 til 2022 verður mánudaginn 23. ágúst og hefst kennsla þann sama dag.

Hagaskóli

Uppselt á allar sýningar á hryllingsbúðinni



Fjöldi nemenda tók þátt í sýningunni sem þótti heppnast vel.

Little shop of horrors eða Litla hryllingsbúðin eins og verkið heitir á Íslensku var sýnt fyrir fullu húsi dag eftir dag í Hagaskóla nú undir lok skólaársins. Æfingar hófust fyrir áramót og allan tímann var beðið í óvissu hvort hægt yrði að sýna söngleikinn með áhorfendur í salnum. Með síðustu tilslökunum á samkomutakmörkunum er hægt að sýna með um 100 gesti á hverri sýningu.

Uppselt varð á allar sýningar fljótlega eftir að miðar fóru í sölu og bæta varð við aukasýningu sem seldist strax upp. Það er mikið átak að setja upp sýningu sem yfir 100 nemendur koma að, ekki síst á tímum sem þessum. Stjórnendur verkefnisins og allir nemendur sem að því koma hafa þó ekki látið ástandið eða annan mótbyr á sig fá. Niðurstaðan er enn ein stórkostlega sýningin. Eins og undanfarin ár var leikstjórn í höndum Sigu Birnu,



leiklistarkennara í Hagaskóla og Björn Thors sá um hljómsveitarstjórn og útsetningar á tónlistinni. Meðfylgjandi myndir voru teknar á sýningum leikhópsins.

HALTU Í HEILSUNA!



Björtu sumarlitirnir 2021

Nærðu neglurnar með Nailberry sem anda og eru vegan.



Einstakur kósýfatnaður
Falleg hönnun fyrir jóga
og líffö.



Kvef og flensa í loftinu?
C-vítamín bundið fitusýrum og sink
sem byggir upp slímhúðina. Besta
blandan fyrir ónæmiskerfið í sumar.



Umhverfisvænar korkjógavörur
Sterkar og fallegar. Asanas tengja þig við náttúruna.



Afgreiðslutími:

Mán: 11-16

Þri-fös: 11-18

Lau: 11-16

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK

systrasamlagid.is

@systrasamlagid

Sími: 511 6367

Arna ís- og kaffibar

Sumaropnunartími 18. júní til 18. ágúst
9 - 21 virka daga og 10 - 21 um helgar.

Eiðistorgi 15

facebook.com/arnaisogkaffi



Velkomin í samfélagshúsið þitt

- vissir þú að í þínu hverfi leynist samfélagshús sem er öllum opið?

Í Samfélagshúsunum sem staðsett eru í Bólstaðarhlíð 43, á Vitatorgi (Lindagötu 59) og á Aflagrandu 40 kennir ýmissa grasa. Í þeim gefst þér rými til þess að hitta aðra hverfisbúa og fá þannig innsýn inn í lífið í hverfinu. Hvert samfélagshús býður upp á sína eigin dagskrá en þau eiga það sameiginlegt að vera öllum opin og er þar í boði ýmiss konar aðstaða sem allir mega nýta sér.

Þarftu að gera við buxurnar þínar eða sauma kjól fyrir árshátíðina? Komdu og nýttu þér saumaaðstöðuna. Viltu smíða eða mála myndir eða spila billiard/pool með félögum? Þá er um að gera að kíkja í Samfélagshúsin en ekki þarf að skrá sig sérstaklega til að nýta aðstöðurnar. Bara mæta.

Á veturna eru í boði ýmis námskeið, klúbbastarfi og skoðunarferðir sem þarf að skrá sig sérstaklega á. T.d. hefur verið boðið upp á ukulele námskeið á Aflagrandu og opna vinnustofu hjá Handabandinu á Vitatorgi og eru þessi námskeið án þátttökugjalds.

Þú getur líka haft áhrif á félagsstarfið með því að koma með þínar eigin hugmyndir.

Í sumar verður svo margt um að vera í hverju húsi fyrir sig. Í Samfélagshúsinu á Aflagrandu verður fjölmeningunni fagnað með tilheyrandi hætti þegar blásið verður til fjölmeningarhátíðar. Eins verður þar boðið upp á tie dye (batik) smiðju fyrir alla fjölskylduna þar sem hægt er að mæta og lita flíkur,

auk annarra viðburða.

Bólstaðarhlíðin býður til dæmis upp á dansleikfimi á mánudögum kl. 12:50, minigolf og qigong í garðinum sem og á Klambatrúni og mun Vitatorg fara í sérstaka kynningu á sínu húsi í sumar.

Fylgist vel með á Facebook til að missa ekki af öllum þessum herlegheitum.

Við hlökkum til að sjá ykkur.



Boðið er upp á tie dye (batik) smiðju á Aflagrandu.



Saumavélar fyrir fólk sem langar að grípa í saumaskap eða bara að gera við buxurnar sínar.



Allt af er eitthvað um að vera á Billanum fyrir unga sem eldri.



Larp-bardagahópurinn í Öskjuhlíðinni á dögnum.

LARP bardagahópur æfir í Vesturbænum

Hópur ungmenna í Vesturbænum tók nýlega þátt í LARP-bardaga sem fram fór í Öskjuhlíðinni. Um hlutverkaleik er að ræða sem gengur út á að klæða sig upp sem persónu og leika hana. Leikurinn telst ævintýra- og bardagaleikur og má líka kalla hann skyldingaspil.

LARP er skammstöfun sem stendur fyrir Live Action Role Playing. Rúnar Örn Jóhönnu- og Marinósson er umsjónarmann hópsins. Rúnar komst í kynni við LARP í gegnum starf sitt sem félagsráðgjafi hjá félagsmiðstöðinni Frosta í Hagaskóla. Þar vann hann með hópi í félagsmiðstöðinni sem að spila Dungeons and Dragons en hafði líka aðeins verið að fást við LARP. Hópurinn fór síðan að leggja meiri áherslu á LARP og er nú alfarið orðinn LARP hópur. Hann samanstendur af 10 til 20 ungmönnum á aldrinum 13 til 16 ára. Hópurinn hittist reglulega ýmist á vegum félagsmiðstöðvarinnar eða á eigin vegum. Yfir veturinn hittast krakkarnir í Hagaskóla en þegar vora tekur er farið á Ægissíðuna og upp í Öskjuhlíð. Hópurinn hefur búið til í sameiningu góðar reglur sem er mikilvægt að allir fylgi. Þær eru gerðar til þess að enginn slasi sig og til að allt gangi eðlilega fyrir sig.

Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is

AS WE GROW

Umhverfissvæn íslensk hönnun



Frí heimsending um land allt

WWW.ASWEKGROW.IS, GARÐASTRÆTI 2 REYKJAVÍK

Tilraunaverkefni hjá Reykjavíkurborg

Unglingar mæti seinna í skólann á morgnana

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hefur lagt til að farið verði í tilraunaverkefni þar sem unglingaskólar í Reykjavík hefji kennslu seinna á morgnana. Hann segir að rannsóknir hafi sýnt að í svefni eigi sér stað viðgerðarferli og úrvinnsla upplýsinga sem er nauðsynleg til að börn þroskast og dafni, auk þess sem vansvefta ungmenni sýni lakari framleiðni yfir daginn. Þetta kom fram í máli borgarstjóra á opnum fundi um Heilsuborgina Reykjavík og Lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar sem var haldinn í Tjarnarsal Ráðhússins fyrir skömmu. Einnig kom fram í máli borgarstjóra að embætti landlæknis verði með í þessu tilraunaverkefni.

Borgarstjóri ræddi um lýðheilsu á breiðum grunni og hvað borgir gætu gert til að bæta hana með góðu skipulagi og innviðum, almenningsamgöngum, grænum svæðum, fræðslu og forvörnum og fleiru. Dr. Erla Björnsdóttir svefnfræðingur hélt stutt erindi um svefnvenjur unglunga þar sem fram kom að matarræði, hreyfing og svefn skipti höfuðmáli fyrir andlega og líkamlega heilsu. Hún sagði að enn væri of lítil markviss fræðsla um svefn en sem betur fer væri það að breytast. Í dag væri málum þannig komið að stór hópur unglunga ætti erfitt með svefn og svæfi of lítið en nauðsynlegur svefn fyrir heilbrigðan þroska ungmenna



Frá fundi borgarstjóra um lýðheilsu.

væri átta til tíu tímar á nóttu. Dóra Guðrún Guðmundsdóttir sviðsstjóri lýðheilsusviðs hélt erindi um Heilsuborgina Reykjavík og drög að lýðheilsustefnu Reykjavíkur til 2030. Fleiri fróðleg erindi voru flutt á fundinum. Má þar nefna erindi Ólafar Kristínar Sívertsen verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar sem fjallaði um heilsueflandi skóla í heilsueflandi borg. Hún lagði meðal annars áherslu á mikilvægi þess að fræðsla um heilbrigða lífshætti byrjaði snemma í skólakerfinu þar sem börn þurfi að læra að þróa með sér heilsusamlegt líferni. Þráinn Hafsteinsson verkefnastjóri

fríunda og félagsauðs í Breiðholti fjallaði um tilraunaverkefni um aukna þátttöku barna í íþrótt- og tómstundastarfi sem hefur beinst að börnum og unglungum af erlendum uppruna og börnum sem eiga erfitt bakland heima fyrir. Um 170 krakkar hafa þegar nýtt tækifærið og hafið íþrótt- eða tómstundaiðkun að eigin vali. Ævar Harðarson deildarstjóri HverfisSKIPulags Reykjavíkur fjallaði síðan um það hvernig gott hverfisSKIPulag getur eflt lýðheilsu í hverfum með því að hafa alla þjónustu í nærumhverfi og innviði sem hvetja til útiveru og hreyfingar.

HVERS VIRÐI ER FASTEIGNIN ÞÍN?



**Ertu í söluhugleiðingum?
Viltu vita stöðuna í samanburði
við markaðinn í dag?**

**Fáðu vandað
og frítt söluverðmat
án allra skuldbindinga.**

- › Ég legg áherslu á árangursríkt söluferli.
- › Ég sendi atvinnuljósmyndara á staðinn því myndir skipta miklu máli.
- › Ég er á staðnum í öllum sýningum og fylgi öllu málum eftir.
- › Ég sinni símtölum og fyrirspurnum varðandi eignina þína.
- › Ég aðstoða þig við að finna nýtt heimili.


Heyrumst

**Magnús Már
Lúðvíksson**

Löggiltur fasteignasali

699 2010

magnus@fastlind.is



Lokahnykkur við Vesturbæjarskóla



Leikið á lóð Vesturbæjarskóla.

Leggja á fótbolta- og körfuboltavöll á lóð Vesturbæjarskóla í sumar. Þegar vellirnir verða tilbúnir lýkur framkvæmdaferli sem hefur staðið yfir hjá skólanum um margra ára skeið og verður skólinn, með nýrri viðbyggingu, á með öðrum orðum að vera kominn í sína endanlegu mynd í bili.

Síðasta haust var rífið hús sem staðið hafði á skólalóðinni og var talið ónýtt og þurfti að víkja svo að hægt væri að ganga endanlega frá skólalóðinni. Skólalóðin hafði áður verið færð yfir Vesturvallagötu og lokaðist hluti götunnar þá fyrir bílaumferð frá Hringbraut. Sú ráðstöfun er komin til að vera og verður kaflinn héðan af varanlegur hluti skólalóðarinnar.

Íslenski sjávarklasinn

Viðurkenningar á 10 ára afmælisdegi

Íslenski sjávarklasinn er tíu ára. Í tilefni þess voru nokkrum einstaklingum veittar viðurkenningar sem hafa með einum eða öðrum hætti stuðlað að auknu samstarfi á ýmsum sviðum sem tengjast Íslenska sjávarklasnum. Athöfnin fór fram í Húsi sjávarklasans að Grandagarði 16 á afmælisdegi Sjávarklasans. Þórdís Kolbrún Gylfadóttir Reykjavíkur ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar afhenti viðurkenningarnar og forseti Íslands, herra Guðni Th. Jóhannesson ávarpaði gesti.

Gísli Gíslasyni fyrrum hafnarstjóra Faxaflóahafna var veitt sérstök viðurkenning frá stjórn samstarfsveitvangs samstarfsfyrirtækja Sjávarklasans fyrir forystu um uppbyggingu klasans við Reykjavíkurbæ. Hús sjávarklasans við Reykjavíkurbæ hefur stuðlað að margháttuðu samstarfi ólíkra einstaklinga og fyrirtækja og orðið vaggja nýsköpunar í haftengdri starfsemi. Árangur Húss sjávarklasans hefur víða spurst út og hafa hafnir, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum, sóst eftir upplýsingum um hvernig staðið var að þessari uppbyggingu. Forysta og áhugi Gísla Gíslasonar og stjórnar Faxaflóahafna skipti sköpum um þann árangur sem Hús sjávarklasans hefur náð.

Ásta Dís Óladóttir dósent við viðskiptadeild Háskóla Íslands hlaut viðurkenningu fyrir að efla samstarf atvinnulífs og Háskóla Íslands. Ásta Dís hefur stuðlað að því að fleiri nemendur hafa myndað tengsl við fyrirtæki í sjávarklasnum og kynnt þannig atvinnulífinu og tækifærum í bláa hagkerfinu.

Eva Rún Michelsen stofnandi Eldstæðisins hlaut viðurkenningu fyrir að hafa komið á fót vettvangi fyrir matvælafrumkvöðla sem



Viðurkenningarhafar Íslenska sjávarklasans ásamt Guðna Th. Jóhannessyni forseta Íslands.

hefur hefur aukið samstarf og opnað tækifæri fyrir fjölda frumkvöðla til að vinna að sinni nýsköpun í matvælum. Eva var jafnframt fyrsti framkvæmdastjóri Húss sjávarklasans.

Salóme Guðmundsdóttir fyrrum framkvæmdastjóri Icelandic startups hlaut viðurkenningu fyrir forystu um uppbyggingu á sprotastarfsemi í landinu. Salóme stóð í stafni við að koma á viðskiptahraðlinum Til sjávar og sveita en Icelandic Startups og Sjávarklasinn stofnuðu til þess verkefnis. Þessi nýi hraðall hefur stuðlað að enn öflugra frumkvöðlastarfi og aukið samstarf landbúnaðar og sjávarútvegs í frumkvöðlastarfsemi.

Sigurður Pétursson frumkvöðull og stofnandi fiskeldisfyrirtækisins Arctic Fish hlaut viðurkenningu fyrir ótult frumkvöðlastarf á sviði fiskeldis og fyrir að hvetja til víðtæks samstarfs frumkvöðla og iðnaðar. Sigurður var einn af fyrstu íbúum Húss sjávarklasans og þar hóf hann að þróa

hugmynd sína um öflugt fiskeldi á Vestfjörðum. Sigurður hefur jafnframt verið afar hjálplegur við fjölda frumkvöðla sem leitað hafa í hans smíðjur.

Vilhjálmur Jens Árnason verkefnisstjóri hjá Sjávarklasnum hlaut viðurkenningu fyrir þátt hans í uppbyggingu klasans og kynningu á honum. Vilhjálmur hefur fylgt klasanum frá fyrsta degi og unnið að margháttuðum verkefnum hér og erlendis í tengslum við klasaupbyggingu og ráðgjöf. Fyrsta verkefni Vilhjálms var í undirbúningi að stofnun klasans þegar hann hafði forystu um gerð ítarlegrar kortlagningar á allri haftengdri starfsemi á Íslandi. Sú aðferðafræði sem þar var tekin upp varð síðan fyrirmynd sambærilegra kortlagninga erlendra klasa sem tengjast Sjávarklasnum. Vilhjálmur hefur kynnt klasastarfið víða um heim og liðsinnt þeim erlendu aðilum sem sýnt hafa áhuga á að opna sambærilega klasa utan Íslands.

Flott sumarföt, fyrir flottar konur



belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is

Pílubar í JL-húsinu

Pílubarinn Skor hefur opnað í JL-húsinu við Hringbraut. Staðurinn er á rúmgóðri jarðhæð sem staðið hefur auð í nokkur ár.

Á árum áður var verslun Nóatúns lengi í húsnæðinu, alveg þar til hótelið Oddsson tók við og var með móttöku og veitingastað í rýminu. Hótelið hætti starfsemi á staðnum 2018. Innréttingar frá dögum Oddsson fyrir karóki eru til staðar á hæðinni og hyggjast nýir aðilar færða sér þær í nyt. Áður var Skor í tímabundnu húsnæði á Hafnartorgi. Bragi Ægisson er framkvæmdastjóri 0101 ehf., sem rekur Skor.



Pílubarinn Skor í JL-Húsinu við Hringbraut.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Audbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNsla

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

www.utforin.is



SÍÐAN 1996

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Skáksveit KR sigursæl



Skáksveit KR með verðlaunabikarinn.

Sveit Skákdeildar KR var sigursæl á nýafstöðnu Íslandsmóti skákfélaga. Deildakeppninni í skák, sem hófst haustið 2019 en lauk nýlega. Fresta varð síðustu þremur umferðum mótsins í á annað ár vegna kóvíð farsóttarinnar.

Skáksveit KR leiddi mótið lengst af, vann allar viðureignir sínar utan þá síðustu sem lauk með

jafntefli við öflugt lið Vestmanneyinga og nægði til að tryggja glæstan sigur og sæti í 1. deild að nýju á næsta keppnistímabili sem hefst í haust.

Skákdeild KR er þar með komin á ný í hóp sterkustu skákfélaga landsins, eftir stutta dvöl í 2. deild.

Jón Pétur Zimsen ráðinn skólastjóri Melaskóla

Jón Pétur Zimsen, fyrrverandi aðstoðarskólastjóri Réttarholtsskóla hefur verið ráðinn skólastjóri Melaskóla. Harpa Reynisdóttir hefur verið ráðin sem aðstoðarskólastjóri en hún mun sinna því starfi ásamt Helgu Pálmadóttur núverandi aðstoðarskólastjóra.

Björgvin Þór Þórhallsson skólastjóri hefur látið af störfum ásamt tveimur öðrum stjórnendum. Var það ákveðið eftir tillögur ráðgjafahóps. Þetta er í annað sinn á nokkrum árum sem skólastjóri lætur af störfum meðal annars vegna óánægju starfsmanna með störf stjórnar. Dagný Annasdóttir lét af störfum sem skólastjóri Melaskóla árið 2016 eftir að kennarar sendu undirskriftalista til skóla- og frístundasviðs þar sem farið var fram á að annar skólastjóri yrði fundinn.

Viðhorfsskóningun sem gerð var í Melaskóla á þessu ári varpaði ljósi á óánægju með ýmislegt í starfi skólans. Nokkur atriði er varða stjórnun skólans og húsnæði komu ekki vel út úr könnuninni og ákvað því skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar að



Jón Pétur Zimsen skólastjóri Melaskóla.

bregðast við með þessu móti. Var þá haft samband við Jón Pétur og leitað eftir því við hann að taka við starfi skólastjóra.

KR og Lind gera samstarfssamning



Forráðamenn KR og Fasteignasölnunnar Lindar handsala samstarfssamninginn.

Fasteignasalan Lind hefur gert samstarfssamning við KR um styrk. Styrkveitingin virkar þannig fólk getur skráð sig á www.fastlind.is/KR og þá fer 100.000 krónur til KR þegar eignin selst. Félögin Breiðablik og HK hafa þegar gert sambærilega samninga við Lind.

Hannes Steindórsson löggiltur fasteignasali og eigandi á Fasteignasölnunni Lind segir þessa hugmynd hafa kom upp á meðal starfsfólks á Lind og bæði HK og Breiðablik hafi strax tekið strax vel í hana. Og nú hefur einnig verið gerður samningur við KR. Hann segir að þetta getur verið góð búbot fyrir félögin ef íbúar séu duglegi að skrá fasteignir sína til sölu á viðkomandi síðu.



Símahulstur og veski fyrir flestar gerðir farsíma

AUKAHLUTIR
netverslun

aukahlutir.is

við eigum skjávarnir fyrir flestar gerðir farsíma

FYRIRTAÐ
málningarþjónusta

TRAUST OG ÁBYRG ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI

LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

**BÍLAVIÐGERÐIR
GRANDA**

S: 562 5999  S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

HLAUGHTU ÞAÐ BORGAR SIG